



Grundarfjarðarbær

Jafnlaunastefna Grundarfjarðarbæjar

Almennt

Grundarfjarðarbær hefur launajafnrétti að leiðarljósi við launastefnu sína. Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Stefnan tekur til alls starfsfólks Grundarfjarðarbæjar.

Það er stefna Grundarfjarðarbæjar að tryggja að fólk af öllum kynjum sem starfar hjá sveitarfélaginu hafi jöfn tækifæri í starfi, fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

Með stefnunni er unnið markvisst gegn kynbundnum launamun, beinni eða óbeinni mismunun á grundvelli kyns og stuðlað að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði í samræmi við ákvæði laga nr.150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, með síðari breytingum.

Til að ná markmiðum jafnlaunastefnu þessarar skal Grundarfjarðarbær:

- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum og eftir atvikum öðrum réttarheimildum, sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 sbr. einnig lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, með síðari breytingum.
- Tryggja að fyrir hendi séu skráðar og skjalfestar verklagsreglur fyrir jafnlaunakerfi, s.s. um flokkun starfa, hlítingu laga og reglna, samskipti, launagreiningar, skjalavörslu og úttektir.
- Innleiða og kynna jafnlaunamarkmið og jafnlaunastefnu þessa fyrir öllum starfsmönnum sveitarfélagsins og tryggja aðgengi þeirra að henni.
- Láta fara fram jafnlaunaúttekt.
- Tryggja að allar ákvarðanir um laun og kjör séu skjalfestar, rökstuddar og rekjanlegar og í samræmi við jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi.
- Framkvæma árlega innri úttekt á jafnlaunakerfi og fara yfir með forstöðumönnum Grundarfjarðarbæjar.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf með það að markmiði að kanna hvort munur er á launum starfsmanna eftir kyni.
- Bregðast án ástæðulauss dráttar við óútskýrðum launamun.
- Kynna helstu niðurstöður launagreiningar fyrir starfsfólki.

Bæjarstjóri og skrifstofustjóri bera ábyrgð á framfylgd jafnlaunastefnu þessarar. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Skrifstofustjóri er tilnefndur fulltrúi yfirstjórnar vegna jafnlaunakerfis og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85.

Samþykkt á 262. fundi bæjarstjórnar þann 9. júní 2022.